



# Fréttabréf

## Íslenska bútaumaumfélagið

Útgefandi Íslenska bútaumaumfélagið, Vorsabær 7, 110 Reykjavík  
1. tbl. 17. árgangur 2017



# Aðalfundur

Aðalfundur Íslenska bútasaumsfélagsins verður haldinn laugardaginn 25. mars kl. 13:30.

Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju.

## Störf aðalfundar eru:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Aðalfundi slitið

Námskeið á aðalfundardegi 25. mars 2017. Námskeiðin verða haldin milli kl. 10 og 16. Námskeiðin eru öllum opin bæði félagsmönnum og öðrum sem langar að kynna bútasami. Aðstöðugjald 2.000 kr.

Húsið opnar kl. 9:30. Allir sem ætla að taka þátt í námskeiði þurfa að koma með saumavél og annað sem þarf til sauma.

## Námskeið I

Notkun verkfæra í bútasami s.s. mottu, hníf og stikur. Á námskeiðinu læra menn að skera efni og sauma einfalda blokk. Gert er ráð fyrir að þátttakendur saumi eitt stykki. Efni: ca 20 cm af 3 ljósum og 3 dökkum efnum. Námskeiðið hentar byrjendum.



## Námskeið II

Tösku- og körfusaumur. Notuð er fánasnúra eða snæri, 5mm svert og ræmur, 3/8 eða 1"ræmur. Þægilegast er að nota batikefni eða annað þéttfíð efni sem ekki trosnar upp. Námskeiðið hentar byrjendum.



## Námskeið III

Kennt verður töskusaumur úr kaffipokum og öðrum sterkum plastumbúðum. Endurnýting.



## Námskeið IV

Sauma allt í einu; topp, vatt og bak. Hægt að nota afganga sem skornir eru í ræmur. Einnig þarf að vera eitt heilt efni ca. 5 tommur á breidd, og vatt.



Þátttaka tilkynnist á netfangið [ingurbjorg@gmail.com](mailto:ingurbjorg@gmail.com) fyrir 17. mars.

Frekari upplýsingar verða sendar þátttakendum.

# Efnisyfirlit

Aðalfundur .....	2
Ágætu félagar .....	3
Teppið hennar mömmu .....	4
Vináttuteppi .....	5
Virka .....	6
Sýning .....	11
Bútasauumshópurinn Ræmurnar .....	12
Jacque Harvey - Stungið að eigin geðþótta ..	14
Hef aldrei gert neitt leiðinlegt í saumavél. . .	16
Saumað í kross .....	19
Gamlar saumavélar notaðar sem skraut. . . . .	20
Hetjuteppi 2017 .....	20
Ohio stjarna .....	21
Ella Bogga .....	22

## EUROPEAN QUILT ASSOCIATION

### Innblásin af Ohio-star blokk (Inspired by the Ohio-star block)

**Stærð:** Breidd 35 sm og hæð 25 sm (landscape).  
Sjá reglur í haustblaði 2016.  
Tilkynnið þátttöku á [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)



Fjölbreytileiki Evrópu: Óska eftir tilnefningum um eitt verk til að sýna frá Íslandi. Má ekki vera minna en 100 x 120 cm og ekki stærra en 180 x 180. Allt þar á milli. Tilnefningu sendið á [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com).

Forsíðuteppið er saumað úr Australian Patchwork and Quilting af Elínu Björgu Jóhannsdóttur, nánari grein er um hana og verkin hennar á bls. 22 og 23 hér í blaðinu.

**Útgefandi:** Íslenska bútasauumfélagið  
**Ábyrgðarmaður:** Ragnheiður Björnsdóttir  
**Ritnefnd:** Svala K. Stefánsdóttir  
Vigdís Stefánsdóttir  
**Myndvinnsla:** Guðbjörg Sigurðardóttir  
**Heimilisfang:** Vorsabær 7, 110 Reykjavík  
**Heimasíða:** [www.butasauumur.is](http://www.butasauumur.is)  
**Facebook:** Íslenska Bútasauumfélagið  
**Netfang:** [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)  
**Umbrot:** Davíð Gunnarsson  
**Prentun:** Leturprent

## Ágætu félagar

**L**iðið félagsár hefur verið með fjölbreyttri og skemmtilegri starfssemi eins og sjá má umfjöllun um í blaðinu.

Framundan er aðalfundur og þá er vel til fundið að kalla eftir góðum hugmyndum frá félagsmönnum. Á þeim vettvangi gefst tækifæri til að koma fram nýjum sjónarmiðum og breytingum á starfi félagsins. Hvet ég alla sem einhverjar hugmyndir hafa að koma þeim á framfæri við stjórn. Það er hverju félagi hollt að þróast.

Breytingar verða á stjórn og nefndum félagsins á hverju ári. Nú gefst enn eitt tækifæri á að hafa áhrif á starf félagsins með því að gefa kost á sér til starfa í nefndum eða í stjórn. Skemmtilegt er að kynna fleiri félagsmönnum á þann hátt og einnig að hafa áhrif á starf félagsins.

Eitt af hlutverkum félagsins er að halda sýningar. Stjórnin hefur verið að velta fyrir sér hvort félagið eigi að standa fyrir stórum sýningum eða hvort meiri áhugi sé á að halda minni sýningar.

Á síðasta ári fengum við lettneskan kennara, Elenu, til að kenna okkur nýjar útfærslur og notkun á nýjum efum. Mikil ánægja var meðal þátttakenda á þessari nýbreytni og því hefur stjórn verið að velta fyrir sér að hvort áhugi sé á meðal félagsmanna að fá erlenda kennara t.d. annað eða þriðja hvert ár.

Eins og venjulega er margt spennandi framundan. Í maí n.k. verður sýningin „Sexkantar og smámunir“. Þema þeirrar sýningar verður formið sexhyrningur í öllum sínum fjölbreytileika. Stefnt er að verkin verði fjölbreytt að stærð og lögun. Enn er óráðið hvar sýningin verður en það verður auglýst síðar.

Evrópska bútasauumdaginn ber upp á þjóðhátíðardaginn 17. júní í ár. Vona ég að fólk um land allt sýni sig með bútasauum á sem flestum kaffihúsum og víðar.

Bútasauum er hin ágætasta afþreying eins og við vitum flest. Það kemur sérstaklega í ljós þegar vinnu frá átta til fjögur lýkur. Þá er gott að hafa að einhverju að hverfa. Bútasauum gefur svo margt. Það að sauma í góðum félagsskap er á við gott party fyrir marga. Saumaskapurinn heldur huganum gangandi með stöðugri sköpun forma og lita. Vissulega kostar þetta peninga en það er einnig hægt að nota ýmislegt sem til fellur. Það er hægt að skapa listaverk úr öllum fötunum sem hanga inni í skáp og enginn notar lengur. Eins og okkur var sýnt á einum félagsfundinum fyrir rúmu ári. Ég hvetja alla sem eru að hætta á vinnumarkaði eða misst hafa vinnuna að koma í þennan góða félagsskap sem veitir manni næg verkefni að hugsa um.

Í tengslum við aðalfund verða nokkur námskeið sem auglýst verða í dagblöðum og er ætlað bæði byrjendum og þeim sem eitthvað hafa saumað. Ég hvet alla, sem vita um einhverja sem vilja kynna bútasauum, að benda þeim á þessi námskeið. Sjá nánar í blaðinu.

*Ragnheiður Björnsdóttir, formaður*

# Teppið hennar mömmu

Þegar aldur færist yfir og fólk er komið á öldrunarheimili er oft erfitt að finna eitthvað til gjafa á stór-afmælunum. Búið er að koma veraldlegu mununum vistlega fyrir í einu herbergi eftir að hafa þurft að láta margt frá sér.

Fyrir ári síðan varð móðir mín Alda Sigrún Alexandersdóttir 80 ára. Við systurnar ákváðum í tilefni af því að sauma handa henni rúmteppi þar sem uppistaðan yrði unnin úr efnum sem tengdust lífshlaupi hennar.

Systur mínar litu í skápana í Tungunesi í Fnjóskadal þar sem mamma bjó allan sinn búskap og tíndu þar til ýmislegt, bæði gömul föt, handavinnu, þrjónaprufur og efnaafganga.

Þær búa allar þrjá í Eyjafirði en ég í Reykjavík. Við settumst því við tölvu, þær á Akureyri og ég í Reykjavík. Opnuðum Skype og fórum yfir það sem kom upp úr pokunum, tölvan var opin á borðinu og ég gat því fylgst með og tekið þátt í umræðunum þegar farið var að velja efnin í teppið. Ákváðum við í byrjun að hafa 12 blokkir í teppinu og var stærðin á þeim einnig ákveðin. Það skal tekið fram að aðeins tvær af okkur systur höfðum saumað bútasauma áður, en allar erum við vanar saumakonur.

Vinnan gekk vel og saumuðum við blokkir bæði norðan heilda og sunnan. Síðan var tölvutæknin notuð bæði við að velja efni undir myndirnar og einnig við að raða teppinu saman.



Allt teppið í heild sinni. Á næstu myndum má sjá stækkanir af vel völdum blokkum.

Teppið vakti mikla lukku og athygli og skemmtilegt var hvað margir gátu rifjað upp minningar út frá efnunum í teppinu. Ekki síst höfðum við systur

mjög gaman að fara í þetta samvinnuverkefni.

Svala Stefánsdóttir



Alda átti þrjónavél sem hún þrjónaði mikið á, þarna eru settar saman þrjónaprufur í þessa skemmtilegu crazy quilt blokk.




Útsaumsprufa sem Alda saumaði á Kvennaskólanum á Laugum í Reykjadal, sett ofan á efni úr buxum sem hún saumaði á eina af dætrum sínum.



Mynd af Öldu og manni hennar á þeirra yngri árum, undir er síðan efni úr spari-  
kjól sem saumaður hafði verið á elstu dótturina.



Hér má sjá margar efnisbúta í crazy quiltblokk sem vekja upp margar minningar.



Notaður var vasi af náttreyju af Öldu, undir vasanum er notað afgangsfni úr  
kjól sem Alda saumaði sér á yngri árum.



Efni úr vinnuskyrtu af Stefáni Kristjánssyni eiginmanni Öldu er undirlag fyrir  
mynd af dætrunum fjórum sem að saumuðu teppið, Ástu Heiðrínu, Guðrínu,  
Svölu og Torfhildi.

## Vináttuteppi

**T**eppið á myndinn var gert handa vinkonu sem var að fara gegnum erfiðan tíma í lífi sínu. Þeir sem henni eru tengdastir tóku snið af annarri hendinni og skrifuðu skilaboð til hennar. Hendurnar (faðmlagið) voru svo rammaðar inn með vináttustjörnu.



# Virka



Full búð af fólki, mikið fjör og mikið gaman.



Börnin þeirra eru hér í Virku stuttu eftir opnun í Árbænum.

**G**uðfinna Helga-  
dóttir og Helgi  
Þór Axelsson hafa rekið  
bútasaumsbúðina Virku  
í rúmlega fjóra áratugi.  
Upphafid má rekja til  
ársins 1976 þegar þau sáu  
autt húsnæði í Hraunbæ  
102b og ákváðu að opna  
þar búð. Fyrst í stað var  
þar mest útsaumur og  
önnur handavinna en  
einnig gjafavara, leikföng  
og körfuhúsgögn sem  
urðu mjög vinsæl. 1978  
sagðist Helgi vera orðinn  
afar leiður á öllum þess-  
um krosssaumi og þá  
urðu þáttaskil hjá þeim  
hjónum.

„Það má kannski segja  
að mig hafi dreymt fyrir

þeirri velgengni sem við höfum notið  
þessi ár,“ segir Guðfinna og rifjar upp  
draum sem hana dreymdi áður en búta-  
saumsævintýrið hófst. „Mig dreymdi  
að við Helgi værum í Portland og að  
upp úr sjónum fyrir framan mig kæmu  
tveir risademantar og lentu fyrir framan  
okkur. Þetta var þremur dögum áður  
en við fórum á Hobby Show sýningu  
í Anaheim, Californíu. Til viðbótar  
hringdi svo Dagmar Helgadóttir,  
föðursystir Helga í mig og spurði: Eruð  
þið að hugsa um að fara út í viðskipti  
þarna úti? Jú, ég gat ekki neitað því og  
sagði að við værum á leiðinni á þessa  
sýningu og ætla þar að leita að bútasami  
til að flytja inn til Íslands.“

Þau Helgi fóru á sýninguna, gengu  
hana alla fram og til baka en fundu  
engan bútasam fyrir en seint og síðar-  
meir þegar þau sáu allt í einu bás með  
bútasami. „Við sáum Marti (Mitchell)



*Gudfinna og Helgi eru hér á fyrstu heimilissýningunni sem þau tóku þátt í og vakti básinn mikla athygli.*

standa þarna fyrir framan básinn og ég varð svo glöð að ég hrópaði: „Oh my god, we found you!“ Og hún starði bara á okkur, þetta skrítna fólk og spurði svo: „Me?“



*Fyrsta skóflustungan í Mörkinni.*

Þarna voru fyrstu kaupin gerð á bútasami fyrir verslunina Virku. „Við keyptum bóksaflega allt af Marti og öll sýnishornin líka því ég kunní ekki að sauma bútasam. Þegar við sögðum við Marti og manninum hennar sem var þarna líka, að við ætluðum að kaupa

allt af henni og flytja til Íslands, spurðu þau hvar Ísland væri. En efnin komu til Íslands og skömmu seinna var haldin heimilissýning í Laugardalshöllinni. Þar sýndum við allt sem við ætluðum að selja og það varð bókstaflega allt brjáláð í Virku, svo mikill var áhuginn! Mér fannst ég þurfa að hafa eitthvað sem ég hefði saumað, til að sýna í básnum og tók upp litla mynd sem ég stækkaði og saumaði. Þessi mynd eða veggteppi

vakti mikla athygli. Á þessari sýningu keyptum við líka allt til hnýtinga og vakti það einnig gífurlega lukku hér á landi, hnýtingarnar og bútasamurinn tel ég því vera demantarnir sem komu til okkar.“

Guðfinnu fannst hún þurfa að kunna meira og fór á námskeið til Bandaríkjanna þar sem hún lærði m.a. hjá Marti í þrjár vikur. Hún fór oftár á námskeið og hefur allan þann tíma sem Virka hefur starfað bætt við sig þekkingu á aðferðum, efnum og öðru sem tilheyrir bútasamnum.

### **Upphafid**

Guðfinna er alin upp í Árbænum og var fyrst í stað í skóla í litlu húsi þar sem nú er Hlaðbær. 10 ára fór hún í Langholts-skóla og þaðan í Vogaskóla. Þau Helgi voru mjög ung þegar þau kynntust og Guðfinna var aðeins 17 ára þegar þau fóru til Bandaríkjanna þar sem Helgi hafði fengið vinnu á búgarði. Guðfinna tók til við að gæta barnabarna bóndans. Þau voru í tvö ár í Bandaríkjunum og giftu sig þar. Reyndar saumaði Guðfinna sjálf brúðarkjólinn sinn og var það í fyrsta skipti sem hún kom nálægt saumavél. Eftir heimkomuna bjuggu þau í Árbænum.

„Þegar við höfðum ákveðið að fara út í verslunarrekstur og fundið þetta



*Virka í kringlunni var einungis með fataefni.*



Magga, Tóta og Bertha tilbúnar í náttfatapartý.

húsnæði sem var meðal annars valið með tilliti til þess að krakkarnir gætu komið til mín eftir skóla, tókum við til að smíða og mála innréttingarnar úr trönum meðal annars. Búðin var afar falleg og við höfum alla tíð gert þetta, búið sjálf til innréttingar og allt sem tilheyrir.“

Eftir nokkurra ára veru í Hraunbæ var verslunin flutt á Klapparstíg og þar bættum við stuttu seinna við fataefnum. Síðan var opnað útibú í Kringlunni en það var flutt í Faxafen eftir tvö ár. Það var svo árið 1993 sem þau Helgi og Guðfinna fengu úthlutað lóð þar sem Virka er nú og hófust handa við að byggja. „Við fluttum svo allan lagerinn bæði af Klapparstíg og úr Faxafeninu þann 1. mars 1994 og höfum síðan rekið Virku á einum stað,“ segir Guðfinna. „Stuttu eftir opnun í Mörkinni, vorum við með opið hús til að kynna námskeið vetrarins og vakti það þvílíka lukku að það streymdu að konur og bílum var lagt uppá alla vegakanta í nágrenninu og taldist okkur til að þetta hefðu verið um 700 manns sem mættu. Um þetta komu greinar í blöðum.“

### Náttfatapartý á laugardagsmorgni

Þessi ár sem Virka hefur verið til hefur verið fundið upp á ýmsu. Guðfinna var með Thimbleberries klúbb í 15 ár og var allan þann tíma með hugann við að gera sýnishorn og verkefni en líka uppakomur. Ein slík var náttfatapartý

á laugardagsmorgni. „Það atvikaðist þannig að Robyn Pandolph, sem var ein þeirra sem kenndi applikeringu í Virku, gisti hjá mér eins og flestir amerísku kennararnir“ segir Guðfinna. „Alltaf þegar leið að kvöldi vildi hún fara í náttföt og sauma. Þetta vakti hjá mér þá hugmynd um að gaman væri að bjóða



Mæðgurnar við opnum Virku í Kringlunni.





Konur að læra hand quiltingu.



Guðfinna í bútasamsdeildinni.



Konur á Thimbleberries klúbbfundu.



Úrvalið af jólaefnum í Virku.

Thimbleberries klúbbum upp á að koma á laugardagsmorgni og við myndum allar sauma náttbuxur og peysu með applikeringu. Ég vaknaði svo kl. 5:30 um morguninn til að baka rúnnstykki ofan hópinn. Þetta vakti nokkra athygli og meira að segja kom ljósmyndari frá Morgunblaðinu til að taka myndir. Þetta heppnaðist afar vel og var mjög vel mætt.“

### Kennsla

Fyrir utan kennslu í búðinni og í nágrenni Reykjavíkur, hefur Guðfinna haldið námskeið á Örkinni í Hveragerði sl. 19 ár, í hvert sinn með sérstakt verkefnið fyrir þær sem koma. Bútasamsdeild Virku hefur orðið mjög þekkt erlendis og talsvert um að erlendir hópar komi á námskeið. Hún hefur líka gert uppskriftir sem birst hafa í Vikunni og fyrir Vöku Helgafell. „Ég kenndi fjögur kvöld í viku í mörg ár,“ segir Guðfinna.



Námskeið á Örkinni.



Bútasaumsefni á Klapparstíg.

„Fyrst í stað var allt handsaumað, nema þjálkinn sem hægt var að sauma í vél. Engar stikur voru til og voru öll snið strikuð á efnið og svo klippt. Ég á enn allar dúllurnar úr fyrsta teppinu sem ég kenndi að gera en ég kom því aldrei saman í teppi. Fyrir utan mína eigin kennslu voru reglulega erlendir kennarar hjá okkur, konur sem eru þekktar fyrir sinn bútasaum og kennslu. Þetta allt byggði undir verslunina og jók



Gudfinna í saumaherberginu.



Saumaherbergi Gudfinnu.

þjónustuna. Ég fór líka nokkrar ferðir út til að læra meira og kom svo með þá þekkingu í búðina“.

### Sýningar

Virka hefur verið með nokkrar sýningar á antikteppum frá Bandaríkjunum: Sú fyrsta var 1982 með teppum frá Marti Michell og það hafði aldrei verið eins mikil aðsókn að sýningu á Kjarvalsstöðum og var á þá sýningu.

### Áhugamál og atvinna

Allt þetta kallaði á mikla skipulagningu en Gudfinna segist vera afar skipulögð

manneskja. „Annars hefði þetta aldrei gengið“ segir hún. „Með þrjú börn, heimili, kennslu, fyrirtækjastjórn og alla þessa gífurlegu vinnu sem fylgir verslunarrekstri, þýðir ekkert annað en vera skipulagður. En síðustu 30 árin hefur þó dóttir okkar verið með okkur í rekstrinum og séð um bókhaldið og önnur skrifstofustörf. Hér heima sauma ég flest sýnishornin og prófa ýmislegt. Ég er með saumaherbergi þar sem fer vel um mig og ég er þar flest kvöld að vinna. Enda er bútasaurinn bæði áhugamál og atvinna hjá mér. Það verður skrítið að hætta með verslunina þegar að því kemur – það mun skapa talsvert tóm hjá okkur hjónunum. En á móti kemur að við getum þá sinnt sjálfum okkur og fjölskyldu betur og notið þess að fara í sumarbústaðinn og kannski ferðast meira,“ segir Gudfinna að lokum.

# Sýning



Log cabin og fleiri mynstur.



Hin ýmsu teppi eftir Ingibjörgu.

Á Akranesi býr Ingibjörg Guðjónsdóttir sjúkraliði. Ingibjörg hefur haft bútasam að aðaláhugamáli síðan 1986 en samhliða því hefur Ingibjörg þrjónað mikið, heklað og saumað út. Bútasamur er þó nr. eitt tvö og þrjú enda liggja eftir hana 1.406 bútasamsverkverk þegar talið var, þau eru frá litlum buddum upp í stór rúmteppi. Verkin eru mjög fjölbreytt. Ingibjörg hefur haldið mjög gott bókhald yfir allt sem hún hefur saumað.



Frá sýningunni í Fannahlíð.

Þegar maður kemur í saumaherbergið hennar sér maður strax að þar er allt í röð og reglu. Bútasamsbækur og -blöð eru í mörgum hillum og þar eru einnig möppur með myndum af öllu sem hún hefur saumað, það vantar bara ISBN númer á þær.

Fljótlega eftir að Ingibjörg hófst handa við bútasam fór hún að miðla öðrum af þekkingu sinni. Hún stóð fyrir mörgum námskeiðum frá árinu 1992 vítt og breytt um landið.

Í stílabækur hefur hún skráð allt sem hún hefur gert sem tengist áhugamálinu; öll námskeiðin sem hún hefur haldið, hvar og hvenær; hvaða verk fór á hvaða sýningu o.s.frv. Hún hefur haldið 7 einkasýningar, tekið þátt í 18 samsýningum hérlendis og til útlanda hefur hún sent verk á 4 samsýningar.

Dagana 7.-9. október 2016 setti hún upp sýningu í gömlu félagsheimili, Fannahlíð í Hvalfjarðarsveit. Þar sýndi hún þau bútasamsverk, sem hún átti heima hjá sér en þau reyndust vera um það bil 200 verk og fylltu þau næstum því húsið.

Skemmtilegast við bútasaminn þykir Ingibjörgu að sköpunargleðin fær að njóta sín við gerð muna sem nýtast til



Ingibjörg Guðjónsdóttir.

heimilisins og hægt að hafa þá úr ýmsum eignum. Öll lítil stykki og viðráðanleg handstingur hún en stærri teppi hefur hún í seinni tíð látið stinga fyrir sig.

Ingibjörg hefur alltaf verið traustur félagsmaður í Íslenska bútasamsfélaginu og situr nú í varastjórn þess og kaffinefnd. Hún hefur aldrei talið það eftir sér að aka til Reykjavíkur á fundi hjá félaginu.

Ragneiður Björnsdóttir

# Bútasaumshópurinn Ræmurnar

Það er virkilega gaman að vera í bútasaumsfélaginu Ræmunum. Við hittumst einu sinni til tvisvar í mánuði og er alltaf jafn gaman. Það hefur aðeins fækkað í hópnum á undanförunum árum, aðallega vegna skólagöngu kvennanna og aukinnar vinnu.

Við hittumst á saumadögum sem eru mjög skemmtilegir. Einnig höfum við haft tvær langar saumahelgar í vetur þar sem við saumum frá kl. 17 á föstudegi til kl. 16 á sunnudegi. Auk þess að sauma förum við út að borða á laugardagskvöldinu. Á föstudagskvöldinu borðum við oftast súpu og skiptast konurnar á að elda hana og ein kemur með brauð sem hún bakar. Síðast vorum við með langa helgi 17.-19. febrúar en þá mættu ekki nema sjö félagskonur. Við sem mættum áttum samt skemmtilegan tíma saman. Sigrún Ingólfs kenndi okkur að sauma körfu eins og þær sem hún lærði að gera á saumadeginum 28. janúar hjá Íslenska bútasaumsfélaginu. Auk þess sem við saumuðum þessar skálar/körfur var helgin notuð til að sauma töscur, teppi og kláraðar nokkrar gamlar syndir eins og við köllum það. Þetta var mjög gaman.

Hér eru verk nokkurra Ræmufélaga og smávegis um þær sjálfar. Árið 1998 kom Halldóra Þormóðsdóttir til Hafnar með námskeið í bútasaum og var Nanna Gunnarsdóttir ein af þeim sem tók þátt í því. Hún hefur verið að sauma síðan og gert margt fallegt; í bútasaum, útsaum, leður, hör og einnig hefur hún verið að mála. Það er eiginlega sama hvað hún gerir það er allt fallegt og vel gert. Sem



Rigmor Jenssen.

dæmi er þetta hvíta teppi merki um það og eins þessi hvíta renningur sem hún notar yfir fótgaflin á rúminu. Með því er hún svo bara með hvítt teppi og er þetta mjög fallegt eins og sjá má.



Rigmor Jenssen.

Rigmor Jensen byrjaði í bútasaum þegar Halldóra kom með námskeið hingað til Hafnar og hefur verið mjög afkastamikil. Hún er með stórt hjónarúmsteppi í vinnslu en það kemur einsklega vel út í svörtu og hvítu eins



Rigmor Jenssen.

og sést á myndinni hér til vinstri. Einnig hefur hún saumað fjöldann allan af dúkum og teppum bæði barna og fullorðins og einnig er hún að gera Bucila, prjóna og sauma út.



Rigmor Jenssen.

Jóhanna Guðný Einarisdóttir hefur saumað í 2 ár og hefur hún aðallega verið að gera töscur, buddur og svuntur, eins er hún að hekla, prjóna og sauma út. Er gaman að sjá hvað hún er dugleg að nota allskonar efni og liti saman og er þessi svunta merki um það. Hún var



Verkin að ofan eftir Jóhönnu Guðnýju Einarisdóttur.

beðin um að gera íslenska svuntu sem átti að fara til Japans og það tók ekki langan tíma að henda í eina svona. Einnig hefur hún aðeins verið að mála.



Birna Aðalsteinsdóttir byrjaði að sauma bútasauðum árið 2000 og byrjaði hún á því að kaupa sér kennsluverkefni í Virku. Þegar hún kom inn í hópinn kunnir hún ýmislegt sem við hinar kunnur ekki þó að við hefðum farið á 2-3 námskeið. Var hún frekar hógvæð og sagðist ekkert kunna en það hefur verið gaman að fylgjast með henni. Er alveg sama hvað hún gerir það er allt svo vel gert og fallet.

Hafey Lind Einarsdóttir er næst-yngst af okkur í Ræmunum. Hún kom í Ræurnar 2002 og var tekið vel á móti henni. Vorum við allar tilbúnar að hjálpa henni af stað, því hún var ekki búin að fara á námskeið. Hún er mjög afkastamikil í bútasauðnum og hefur gert mikið af púðum með myndum af börnum. Einnig er hún að sauma út og eru mörg milliverkin og rúmfötin sem hún hefur gefið fermingarbörnum.



Fjögur verk eftir Birnu Aðalsteinsdóttur.



Hafey Lind Einarsdóttir.

Viljum við Ræmukonur hvetja allar konur sem hafa einhvern áhuga á að byrja í bútasauðum til að drífa sig af stað því þetta er frábær félagskapur og skemmtilegt að sauma.

*Kveðja frá Höfn  
Sigrún Ingólfsdóttir*



Hafey Lind Einarsdóttir.



Nanna Gunnarsdóttir.



Nanna Gunnarsdóttir.

# Jacquie Harvey

## Stungið að eigin geðþótta

**A**nne Williams tók viðtal við Jacquie Harvey fyrir blaðið *Today's Quilter* í því skyni að kynna sér betur útfærslu hennar í handstunguhefðum.

*Jacquie Harvey hefur unnið óteljandi verðlaun bæði í sínu heimalandi (Bretlandi) og erlendis fyrir sérdeilis fallega handstungin bútasaumsverk. Hún var ein af þeim sem hlaut BEM orðuna sl. sumar í tilefni afmælis Bretadrottningar fyrir „þjónustu í þágu handstungu, hönnunar og bútasaumsiðnaðar“. Anne segist hafa verið spennt yfir að fá tækifæri til að hitta hana til þess að kynna óviðjafnanlegum stíl hennar og fá nokkur gagnleg ráð um handstungu.*

### **Hvenær hófst þú að sauma bútasauum og hvað er það við hann sem heillar þig?**

„Þegar við fluttum til Norfolk rétt eftir 1980 sá ég auglýsingu um námskeið í bútasaumi og stungu. Þar sem ég var kjóla-meistari kunni ég að sauma en ég hafði ekki snert á bútasaumi eða stungu. Mér fannst því skemmtileg áskorun fólgin í því að skrá mig á námskeiðið. Fann þó fljótlega að bútasauumur átti ekki við mig en ég varð ástfangin af handstungu og þeim dásamlega mjúku áhrifum sem skapast af þrívíddaráhrifum efnisins.“

### **Hvernig lærðir þú að stinga?**

Í raun og veru kenndi ég mér sjálf og nýtti mér það sem ég kunni sem kjóla-meistari. Þegar búin er til felling sem er 1/8“ á fatnaði er hún þrædd niður til öryggis. Í ljósi tímans sem farið hefur í þúsundir slíkra sauma er ljóst að maður er fær um að stinga. Hið erfiðasta var að aðlaga sig því að stinga í gegnum þrjú lög og sauma ekki í brúnina ekki síst í ljósi þess að mér finnst ekki þægilegt að nota fingurbjörg, ég hef aldrei notað hana. Ég sting nálinni ekki upp og niður í gegnum stykkið, eins og er kennt er sem hina einu réttu aðferð við stungu.

### **Hefur þú áhuga á sögu bútasaums og hafa verk sem eiga sér sögu áhrif á hönnun þína?**

Ég elska sögu tískunnar og á nokkrar bækur um sögulega búninga. Það eru til mörg dásamleg dæmi frá 18. öld og fyrri hluta 19. aldar af flíkum þar sem bútasauumur kemur við sögu. Sumir eru afar skrautlegir, bróderaðir með einföldu spori eða svokölluðu trapunto (stunga þegar vatti er troðið undir efníð). Þessi mynstur og spor hafa veitt mér ríkulegan innblástur fyrir mörg verka minna.

### **Hvernig þróar þú mynstur verka þinna og hvernig ferðu að því að láta allt ganga upp?**

Þegar ég hef fengið hugmynd þá geri ég nokkrar teikningar en venjulega verður útkoman á allt annan veg en fyrstu teikningar mínar gáfu til kynna. Ég bý til mynstur að aðalútlitinu en afgangurinn fæðist eftir því sem verkinu vindur fram. Það getur verið erfitt að ákveða of mikið fyrir fram. Þar sem ég hef öðlast reynslu hefur framvindan sífellt meira byggst á eins konar hugsýn eða innsæi.

### **Hvernig býrð þú til stungumynstur þín og/eða skapalón?**

Ef ég nota ljós efni þá marka ég mynstrið á fitulausan pappír með merkipenna. Þá get ég lagt efníð ofan á pappírinn og yfirfært mynstrið á það. Ef ég þarf að búa til skapalón þá nota ég annaðhvort freezer paper (fæst í mörgum verslunum, er vaxborinn pappír sem notaður er utan um mat í ísskáp eða frysti) eða plast úr boxum undan mat úr stórmörkuðum sem ég held til haga.

### **Hver eru uppáhaldsefnin þín og áttu þér uppáhaldsgerð af vatti?**

Ég nota mjög fínt vélunnið silki fyrir efra byrði verka minna. Það er sérstaklega mjúkt viðkomu og fallet. Í bakið nota ég þunnt bómullarléref. Ég

nota ullarvatt- það er mjúkt og lyktar yndislega- og tilfinningin að stinga það er eins og þegar maður rekur hníf í gegnum smjör. Ég er með liðagigt, og hef því misst nokkuð af styrk fingranna, en þessi samsetning efna og vatts gerir handstunguna auðveldari - ég get ekki hugsað mér að vera ekki fær um að stinga í höndunum.

### **Hvernig markar þú mynstrið sjálft á efníð?**

Ég teikna aðalmynstrið á áður en ég set stykkinn saman. Á ljós efni nota ég skrúfblýant og á dökk efni nota ég litkrít. Ég marka heila línu þar sem afturstingurinn sem ég nota hylur hana. Ég marka ekki fyrir þeim hluta mynstursins sem er í bakgrunni, þ.e. smáatriðunum, fyrr en ég hef stungið aðalatriðin. Til að gera það nota ég odd skrúfblýantsins en læt blýið ekki gægjast út og snerta efníð. Þar sem vattið er komið undir efníð þá myndast mjúk lína í efníð sem unnt er að fylgja þegar stungið er.

### **Hvernig þræðir þú verkin þín saman?**

Ég þræði í höndunum. Þrjónar og plastnælur geta skilið eftir sig göt og skemmt efníð. Það er mikilvægt að nota góðan þræðitvinna og ég nota alltaf hvítan. Ég þræði lárétt og lóðrétt, bý til ferninga u.þ.b. 6“ á kant, sem er býsna gróft, en þar sem stykkinn mín eru lítil þá þarfnast þau minni þræðingar. Komi í ljós að þörf er á að þræða meira þá þræði ég suma hluta þetta.

### **Notar þú ramma eða hring þegar þú stingur?**

Stykkinn mín eru of lítil til að vera sett í ramma og mér finnst ekki gott að nota hring. Ég sit við lítið bord, læt stykkið hvíla á borðinu. Ég er réttthent og held þeim hluta stykkisins sem ég fæst við með vinstri hendinni og held við með aftasta hluta þeirrar handar (þar sem lófi

og úlnliður mætast) til að mynda eins konar „kjölfestu“, þá strekkist á efninu. Á meðan nálin fer upp og niður með hægri hendinni þá hagræði ég efninu í vinstri hendinni einnig upp og niður. Þetta tryggir að sporin myndast rétt, þ.e. mynda rétt horn og fara í gegnum öll lög stykkisins.

### Að hvaða þræði og hvaða nálum geðjast þér best?

Stærsta hluta mynsturins sauma ég með aftursting og nota DMC sexþráða bómullargarn eða perlugarn. Ég nota garnið óklofið! Mér finnst gaman að nota fjölbreytilega liti þar sem þeir skapa athyglisverð áhrif. Í bakgrunninn nota ég Mettler Polysheen garn þar sem glansinn á þræðinum fellur svo vel að silkinu og litirnir eru svo margbreytilegir. Ég nota ekki quiltnálar (betweens) þar sem þær eru mjög stuttar og erfitt að halda á þeim – þær eru gerðar fyrir stungu upp og niður í ramma eða hring og þá þarf að nota fingurbjörg. Fyrir þræðingu nota ég langar John James Sharps nálar nr. 9. Þar sem þær eru dálítið lengri en venjulegar nálar er auðveldara að halda á þeim, ekki síst þar sem ég nota ekki fingurbjörg. Þegar ég sauma aftursting nota ég John James bróðernálar nr. 9 af því að þær hafa lengra auga sem rúmar gildari þræð. Mér finnst ég samt geta haft sporin stutt en það að þau séu jöfn er mikilvægara en sporlengdin.

### Hvenær fórstu að gera tilraunir með að nota aftursting og ýmis spor í verkum þínum?

Um 2000 fór ég á alþjóðlegu bútasaumsýninguna í Houston (International Quilt Festival) í Bandaríkjunum og ég trúði ekki mínum eigin augum þegar ég sá hve amerískur bútasauður var ólíkur því sem ég þekkti. Frjálsar aðferðir voru þar miklu þróaðri en í Bretlandi og ég var sérstaklega hrifin af hve loftið í vatti vélstungnu verkanna bólstraði meira en það gerir í verkum sem eru stungin í höndum með þræðispori. Ég heillaðist líka af notkun mislits tvinna og frjálsum mynstrum, jafnvel í hefðbundnum verkum. Þegar ég kom heim datt mér í hug að ég gæti notað aftursting, saumaðan með mislitum þræði til að auka áhrif

handsaumaðra mynstranna hjá mér þótt ég þyrfti áfram að nota þræðispor á það sem væri í bakgrunni. Þannig varð þessi sýningin vendipunktur í þróun á mínum stungustíl. Eins og ég hef áður sagt þá er ekki óalengt á sögulegum búningum þar sem stunga kemur við sögu að sjá þar útsaum svo sem „colonial“ hnúta (þeir minna á fræhnúta en þá er vafið sjaldnar um nálina. Hægt er að finna myndband með því að leita á google.com). Þetta leiddi til þess að ég fór að hugsa um hvort slíkt gæti átt vel við mynstrin mín og ég fór að bæta slíkum sporum inn í. Maður þarf hins vegar að vera varkár og ofgera ekki - jafnvægi er mikilvægt og spor til skrauts eiga að auka áhrif en ekki yfirskyggja stungumynstrið.

### Hvernig ferðu að því að láta afturstinginn vera svona fallegan á röngunni?

Sporin í aftursting eru helmingi lengri á röngunni en réttunni. Ef maður skiptir sporinu á röngunni með því að stinga nálinni upp í gegnum miðjan þræðinn þá virðist eitt spor verða að tveimur.

### Áttu þér uppáhaldsverkfæri?

Ég elska ljósaborðið mitt. Það samanstendur af fjórum dósum. Ofan á þær legg ég matta glerplötu. Undir glerplötuna get ég sett lampa með dagsljósi. Mynstrið sést þá skýrt og það auðveldar mér að færa það yfir á efnið.

### Hefur þátttaka þín í samkeppnum verið hvati að mótun verka þinna?

Enda þótt ég sendi verk í samkeppni þá bý ég þau ekki til í þeim tilgangi. Ef mig langar að gera eitthvað þá geri ég það. Seinna gæti ég sent það á sýningu. Ég fæ nógar hugmyndir og finnst gaman að gera tilraunir með þau mismunandi atriði sem mig langar að prófa.

### Hve langan tíma tekur það þig að stinga hvert verk?

Venjulega eru það svona fjórir til sex mánuðir. Ég sting fjóra til fimm tíma á dag flesta daga vikunnar. En ég hef oftast þrjú eða fjögur verk í takinu svo að ég get ekki sagt með vissu hve langan tíma hvert verk tekur.

### Ertu bjartsýn á framtíð hefðbundinnar handstungu í bútasaumi?

Handstunga er tímafrek en hún er heillandi og ánægjuleg athöfn. Ég tel líklegt að kunnáttan varðveitist hjá fólki sem hefur ánægju af að búa til smærri verk en stór stykki – ég vona það að minnsta kosti.

Hægt er að skoða verk Jacquie á slóðinni [www.jacquieharvey.co.uk](http://www.jacquieharvey.co.uk).

### Góð ráð

Gefið handstungu tækifæri með ráðum Jacquie Harvey:

1. Hafði ekki áhyggjur af reglum. Finnið ykkar eigin aðferð sem ykkur finnst þægileg og njótið þess að stinga þannig.
2. Æfið ykkur smávegis á hverjum degi og rekið ekki upp – haldið bara áfram. Margir gefast upp af því að þeir geta ekki stungið smá spor en Jacquie finnst allir stinga fullkomin spor. Það vill bara svo til að hennar eru smá. Mikilvægara er að sporin séu jöfn og því meira sem þið stingið þeim mun jafnari verða sporin hjá ykkur. Ekki hafa áhyggjur þótt stöku spor séu ójöfn – það eru þúsundir spora á hverju stykki svo að enginn mun taka eftir þeim.
3. Ef þið eruð að stinga ákveðið verk og hafið ekki getað saumað í nokkra daga þá er gott að hita sig upp á litlu stykki áður en hafist er handa við það. Eftir um 10 mínútur ættuð þið að vera búin að ná takti og tilbúin að fást við alvöruverkefnið.
4. Ef ykkur finnst gott að hafa mörg verk í takinu þá er gott að geyma tvinna, garn og annað sem tilheyrir hverju stykki fyrir sig í sérstöku boxi, plastöskjur eins og notaðar eru undir matvæli eru góðar. Þá fer enginn tími til spillis við að leita að réttu græjunum.
5. Nauðsynlegt er að skipta um nálar, alveg eins og þegar um vélstungu er að ræða, því að oddurinn sljógast. Nálarar sem Jacquie notar eru ekki eins sterkar og svonefndar quiltnálar svo að það þarf að skipta oftar um þær.

Þýðing: Kristín Jónsdóttir

# Hef aldrei gert neitt leiðinlegt í saumavél

Ingunn Björnsdóttir er fædd og uppalin á Neskaupstað en dvelur nú á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri. Hún er hálf-tíræð, vel ern en er orðin blind. Ingunn sem er fyrrum handavinnukennari er hætt að gera handavinnu en eftir hana liggja fjölmörg verk um allan heim.

Ingunn lærði fatasaum á klæðskera- verkstæði hjá Guðnýju Jónsdóttir klæðskera og tók sveinspróf í fatasaumi 1946.

„Annars er saumaskapurinn mér í blóð borinn,“ segir Ingunn. „Móðir mín, sem lést þegar ég var 8 ára, var mikil handavinnumanneskja og pabbi var mjög handlaginn maður. Pabbi tók til dæmis heim borð fyrir saumavél sem orðið hafði eftir í húsi þegar íbúarnir fluttu. Á heimili okkar var handsaumavél og hann breytti henni þannig að þegar hún var komin í borðið var hún bæði handknúin og fótknúin. Svo átti pabbi hringprjónavél og stjúpmóðir mín, Krístrún Guðjónsdóttir, sú góða kona, átti flatprjónavél. Hún hafði unnið hjá klæðskera og kunní alla handavinnu. Þannig að fyrirmyndirnar voru allt í



Dúkur, eigandi Hallveig Bj.

kring um mig, enda erum við öll systkinin handverksfólk nema einn bróðir minn Hann hafði lent í slysi á hendi

og átti erfitt með handverk en lærði til stýrimanns í staðinn. Við vorum sjö systkinin, fyrst við þrjú alsystinin og svo fjögur í viðbót sem stjúpmóðir mín yndisleg ól föður mínum.“

## Hallormsstaður

Eftir sveinsprófið lá leið Ingunnar á Hallormsstað þar sem hún var á matreiðslunámskeiði. Þar mættu örlögin henni í líki vefnaðarkennarans, Þórnýjar Friðriksdóttur, „best menntaða vefnaðarkennara landsins“ sem nefndi við hana að það vantaði handavinnukennara við skólann. Hún ætti að sækja um, en að vísu með þeim fyrirvara að ef „alvöru“ kennari, þ.e. einhver með kennarapróf sækti um, gengi sá eða sú fyrir. Ingunn sótti um starfið og fékk „enda sótti enginn annar um“ segir hún og bætir við: „Ég kenndi þarna sem gervikennari í 15 ár og held að enginn hafi haft verra af“.



Barnateppi, eigandi Hallveig Bj.





Renningur, eigandi Hallveig Bj.

Ingunn var svo einhverju sinni að hlusta á útvarp og heyrði þar að nú væru síðustu forvöð að sækja um kennaranám fyrir þá sem ekki hefðu réttindi. Hún dreif sig suður til Reykjavíkur og tók þar kennarapróf og fór svo aftur á Akureyri



Dúkur.



Fyrsta bótasaumsverkefni Ingunnar á námskeiði í Kennaraskólanum 1986. IB hætti að kenna 1988.

þar sem hún hafði verið við kennslu í eitt ár áður. Eftir það kenndi hún handavinnu í 25 ár í Húsmæðraskólanum við Þórðarstræti.

### Bútasauður

„Það má vel vera að ég hafi einhvern bótasaum kennt á Akureyri,“ segir Ingunn með semingi. „En ég lærði hann ekki fyrr en 1988 þegar ég fór á bútasauksnámskeið hjá Kennaraskólanum. Þá saumaði ég þetta græna teppi,“ segir hún og bendir á teppi sem liggur á rúminu. „Sennilega var þetta meira og minna handsaumað en kannski voru langsaumarnir saumaðir í vél, ég man það ekki.“

Þegar Ingunn er spurð hvort hún eigi sér uppáhaldsverk eða hvort eitthvað hafi verið sérstaklega skemmtilegt af því sem hún gerði, hnussar í henni. „Nei, þetta var allt jafnskemmtilegt, ég hef aldrei átt leiðinlega stund við saumavél eða handverk. Kannski get ég nefnt dúlluteppi sem ég gerði og bróðir minn, þessi sem var á sjónum, linnti ekki látum



Dúkur.

þar til ég gaf honum það. Hann lét vélstjóran á skipinu búa til stöng og svo hengdi hann teppið upp heima hjá sér og átti það til æviloka. Hann sagði mér að það kæmi aldrei svo gestur að sá eða sú spyrdi ekki hvar hann hefði fengið teppið góða.“

Því má kannski bæta við að verk Ingunnar eru afspyrnu fjölbreytt, þrjón, saumar og hekl svo eitthvað sé nefnt. Ingunn segir þau óteljandi eða að

minnsta kosti engin leið að hún viti hvað þau séu mörg. Verkin hennar eru víða, hafa farið með afkomendum og öðrum eigendum víða um heim. „Ég þrjónaði og saumaði líka fyrir Rauða krossinn árum saman,“ segir Ingunn. „Eðli þeirra verka er auðvitað að þau eru farin út og suður.“

### Að lokum er Ingunn spurð út í saumavélarnar sem hún hefur átt

„Ég eignaðist Necchi, stigna zikk zakk vél árið 1948,“ segir hún. Eftir sveinsprófið keypti ég mér ameríska hraðsaumavél, Union Special. Þar á eftir PFAFF 1229, vandaða og fína vél og átti hana þar til hún var gatslitin. Þá keypti ég aðra PFAFF vél og notaði hana þar til ég hætti að sjá.“

Við þökkum Ingunni fyrir fræðandi og skemmtilegt spjall. Með þeim lokaorðum kveðjum við þessa öldnu merkiskonu.




Renningur.



Ingunn í vestu sem hún saumaði sjálf.



Þúðar.



Síðasta teppið sem Ingunn saumaði.

[www.butasaumur.is](http://www.butasaumur.is)

# Saumað í kross

Hún Margrét Valdemarsdóttir sem við sögðum frá í síðasta blaði, kann til bútasaumsverka eins og sást þá. Hún notar afar skemmtiega aðferð við að sauma búтана sína litlu saman og hér er dæmi um það hvernig hún gerir teppi með krossum. Hún raðar hverjum lit fyrir sig í kassa og svo því sem þarf í hverja röð fyrir sig í annan kassa.



Bútarinn kominn í lengjur.



Bútar í kassa..

Svo byrjar hún að sauma og festir efsta bútinna við ræmu hverju sinni, tekur upp hvern bútinna á fætur öðrum og saumar. Svona saumar hún lengjurnar saman og smátt og smátt myndast krossarnir. Þegar hún er búin að raða öllum bútuunum á lengjuna og sauma saman, er hún með stykki sem er lauslega tengt á breiddina en allir bútarinnir á lengdina. Þá er bara að taka hjálparlengjuna af og sauma þversum hverju lengju fyrir sig.



Hér sést hvernig krossarnir myndast.



Krossarnir sjást vel hér.

# Gamlar saumavélar notaðar sem skraut

Fataverslunin All Saints er víða í heiminum en í öllum búðunum er sama skreyting - Singer saumavélar. Þetta eru ótrúlega margar saumavélar, sumir segja að þær séu fleiri en milljón. Fyrir fólk sem hefur gaman af því að sauma er þetta mjög skemmtileg sjón. Þessi mynd var tekin í London, nánar til tekið við Portobello Road markaðinn.



## Hetjuteppi 2017

Heil og sæl kærur félagsmenn.

Nú eru Hetjuteppin að skila sér smátt og smátt, við höfum fengið 2 teppi nú þegar og loforð um fleiri sem að eru rétt að klárast. Því viljum við hvetja ykkur sem hug hafa á að leggja verkefninu lið að skoða hvort að ekki sé tími til að sauma teppi.

Afhendingu Hetjuteppa frá því í haust má skoða á facebookarsíðu félagsins en Umhyggja afhenti 25 teppi.

Verklagsreglur eru á heimasíðunni okkar <http://www.butasaumur.is> og einnig í 1. tbl. 2016.

Svo er velkomið að hringja eða senda póst á nefndarkonur og fá upplýsingar ef að eitthvað er óljóst.

Bestu kveðjur  
Dagbjört s. 865 3347  
Borghildur s. 849 8022  
Pálína s. 861 6059



**Quiltbúðin**  
bútasaumur • handavinna • garn

**QUILTÚÐIN FER NÚ AF STAÐ MEÐ MÁNAÐARVERKEFNI SEM HEITIR DOLLY AND ME.**

**STÆRÐ TEPPISINS ER 1.55 X 1.65 CM.**

**Í MARS 2017 MUN FYRSTA BLOKK VERA SEND AF STAÐ.**

**BLOKKIRNAR ERU MISJAFNLEGA STÓRAR EN KOSTNAÐURINN ER ALLTAF SÁ SAMI Í HVERJUM MÁNUÐI, ÞAR SEM VIÐ DEILDUM HEILDARKOSTNAÐI Á NÍU MÁNUÐI.**

Nánari upplýsingar og skráning er á [quiltbudin@quiltbudin.is](mailto:quiltbudin@quiltbudin.is)



# Ohio stjarna

1. Skera tvo jafnstóra búta x 2. Hér voru notaðir 5" bútar sem enduðu í 4".

2/3. Leggja tvo og tvo saman, réttu mót réttu.

4. Teikna línu horn í horn.

5. Línan komin.

6. Sauma sitt hvoru megin við línuna, 1/4" saum.

7. Skera milli saumanna.

8. Þá eru komnir tveir tvílitir ferningar. Strauja.

9. Leggja ferningana saman svo ljóst sé mótí dökku.

10/11. Teikna aftur línu horn í horn, núna þvert á litina.

12. Sauma eins og áður, sitt hvoru megin við línuna, 1/4" saum.

13. Nú eru komnir 2 ferningar.







14/15. Strauja og snyrta í þá stærð sem þeir eiga að vera.

16. Skera 5 jafnstóra búta og þá sem þegar eru komnir. Þeir mynda horn og miðju.

17. Raða að smekk.

18. Sauma saman þrjár og þrjár.

19. Sauma raðirnar þrjár saman.



# Ella Bogga

Elín Björg Jóhannsdóttir er búin að sauma bútaum í mörg ár. Eftir hana liggja mörg falleg verk eins og sést á forsíðunni og hér á opnunni. Það var árið 1996 sem Elín Björg fékk boð frá dóttur sinni um að koma og eyða helgi hjá sér austur í Laxamýri í Aðaldal. Ella

Bogga, eins og hún er kölluð, hélt að hún væri að fara að passa svo að dóttirin gæti tekið þátt í saumanámskeiði á vegum kvenfélagsins í Aðaldal. Kennfélagskonur höfðu fengið Halldóru Þormóðsdóttur til að leiðbeina. Þegar til kom hafði ein kona forfallast á síðustu

stundu og því hljóp Ella Bogga í skarðið. Síðan þá hefur hún verið óstöðvandi og má sérstaklega geta þess hve vel verkin eru unnin og smekklegar allar litasamsetningar eru hjá henni.



Vertu með okkur á

<http://www.facebook.com/butasaumur>

facebook®



## Vorferð

Fyrirhuguð er vorferð á vegum félagsins þann 29. apríl.

Farið verður á Reykjanesið sunnanvert og áætlað að skoða Gunnhver, Reykjanesvita, nokkra staði í Grindavík og eitt-hvað fleira. Lagt af stað kl. 9:30 frá Safn- aðarheimili Grensáskirkju. Heimkoma seinnipartinn. Þátttaka tilkynnist í netfangið [os3@simnet.is](mailto:os3@simnet.is).

